

Starfsáætlun leikskólans Hvamms 2023 – 2024



Leikskólinn Hvammur

Formáli

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir Aðalnámskrá leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birta skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en fræðsluráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skal koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum og áætlun um hvernig þau verða metin.
- Jafnréttisáætlun.
- Áherslur í starfsáætlun fræðslusviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til Þróunarfulltrúa leikskóla fyrir 1. júlí ár hvert. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir fræðsluráð til samþykktar.

Tekið skal fram að leikskólar gera jafnréttisáætlun nú og skal hún koma með starfsáætlun sem viðhengi.

Efnisyfirlit

Formáli 2

1. Inngangur 4

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun 7

2.4 Matsáætlun 7

2.1 Innra mat leikskólans 8

2.2 Húsnæði og lóð 10

2.3 Ytra mat 11

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats 12

3. Áherslur í starfi leikskólans 13

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár 13

4. Starfsmannamál 15

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí 15

4.2 Starfsþróunarsamtöl 15

4.3 Símenntun frá síðasta ári 15

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum 16

5. Aðrar upplýsingar 17

5.1 Barnahópurinn 1. maí. 17

5.2 Foreldrasamvinna 17

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla 17

5.4 Almennar upplýsingar 18

5.5 Áætlanir 18

Fylgirit 18

: Matsgögn 18

: Leikskóladagatal 18

: Umsögn foreldraráðs 18

: Annað 19

1. Inngangur

Skólaárið 2022-2023

Nýr aðstoðarskólalastjóri Guðrún Edda Bjarnadóttir tók við í febrúar 2023 þegar Bjarney Kristín Hlökkversdóttir tók við stöðu leikskólalastjóra í Arnarbergi. Guðrún Edda hafði áður leyst aðstoðarskólalastjóra af í veikindum og var því öllum hnútum kunnug. Nýr matráður Svetlana Rusnac kom til starfa hér í leikskólanum í ágúst 2022.

Annað starfsmannahald líðandi skólaárs gekk vel og vel gekk að ráða í lausar stöður. Fimm starfsmenn voru í námi, einn í launuðu námsleyfi, hún lauk diplómu í sérkennslu í júní. Ein lauk B.Ed prófi, tvær luku fyrra ári meistaranáms og ein hóf nám í MT en hún er með aðra háskólamenntun. Við hlökkum til næsta vetrar með færri nema úr húsi þó þeir verði enn fjórir.

Aðlögun nýnema haustið 2022 hófst um miðjan ágúst.

Eitt af stóru verkefnum í skólastarfinu er að halda vel utan um starfsmannahópinn og gæta þess að skólinn sé fullmannaður áður en við tökum inn öll börnin. Við í Hvammi höfum verið einstaklega heppin með góðan faghóp og gott starfsfólk og það ber að þakka. Það má þó lítið út af bera til að álag vegna manneklu fari að bitna á því faglega góða starfi sem til staðar er og við erum svo stolt af. Mikilvægt er að horfa til þess að álag vegna aukins undirbúningstíma kennara, stytting vinnuviku, veikinda og orlofs hefur áhrif á það starfsfólk sem eftir stendur. Þetta allt getur haft snjóboltaáhrif þannig að veikindi innan starfsmannahópsins aukist úr hófi sem þá eykur enn á álag í skólanum.

Breyting á síðasta skólaári þar sem tekinn var upp „Betri vinnutími“ fyrir kennara sem fólst í að styttingu var safnað saman í vetrarfrí, jólafrí, páskafrí og lengra sumarfrí. Aðrir starfsmenn leikskólans héldu áfram styttingu vikulega. Þar sem hlutfall fagmenntaðra er frekar hátt hjá okkur hafa kennarar verið liðlegir þegar upp hafa komið krísur og fært til styttingu sína.

Breytingar verða gerðar á skipulagsdögum næsta vetur. Samþykkt var í Fræðsluráði ósk okkar um að skipta einum skipulagsdegi í tvennt í stað þess að skipta honum í fjóra hluta eins og gert var á síðasta ári. Því opnar skólinn fyrir börn þriðjudaginn 8. ágúst kl. 12:00 og þriðjudaginn 2. apríl eftir páskaleyfið kl. 12:00. Börnin koma því þessa daga beint í hádeigsverð.

Samstarf við BRÚNA hélt áfram skólaárið 2022 - 2023. Samstarfið sem hingað til hefur reynst vel og aukið samvinnu við foreldra, skil milli skólastiga og eftirfylgni sem slaknaði heldur á í COVID hefur nú komist aftur í fyrra horf með föstum fundum í raunheimum.

Brúarteymið er leitt í samvinnu fagfólks Mennta – og lýðheilsusviðs og Fjölskyldu- og barnamálasviðs verkefnið gengur vel og við hlökkum til áframhaldandi samvinnu. Hlutverk teymisins er að kortleggja stöðu barna og fjölskyldna í samvinnu við fjölskyldur og í samstarfi við Lausnateymi hér í leikskólanum með það að markmiði að styðja fjölskyldur og börn til betri líðanar. Hafnarfjarðarbær sem hefur frá og með haustinu 2018 unnið með þessa nýju nálgun til eflingar, stuðnings og þjónustu við börn í leik- og grunnskólum bæjarins á hrós skilið fyrir þetta frábæra verkefni sem hefur það að markmiði að auka lífsgæði barna, unglinga og fjölskyldna þeirra hér í bænum. Í Brúarteymum sitja fagaðilar á vegum skólans, ásamt ráðgjöfum frá fjölskylduþjónustu, sálfræðingum og/eða sérkennslufulltrúa frá fræðslu- og frístundaþjónustu. Hlutverk Brúarteyma er að kortleggja stöðu barns og leita sameiginlegra lausna, barni og fjölskyldu þess til stuðnings. Í teyminu er nám, hegðun, þroski og/eða líðan barns rædd með samþykki foreldra og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast

snemma við erfiðleikum eða aðstæðum barnsins. Mál fara til Brúarteymis eftir að fjallað hefur verið um þau í lausnateymi skólans og unnið hefur verið markvisst með börnin hér í skólanum.

Lögð er áhersla á að veita aukna þjónustu á fyrri stigum og grípa inn í aðstæður eins fljótt og auðið er. Samvinna fagfólks hefur verið eflað á milli Mennta- og lýðheilsusviðs og Fjölskyldu- og barnamálasviðs Hafnarfjarðar. Til þess að óska eftir þjónustu Brúarteymis er foreldrum bent á að hafa samband við deildarstjóra eða skólastjórnendur.

Okkar helstu verkefni innan skólans eru að halda áfram með málörvun og læsi. Námsefnið: *Tölum saman, Lubbi finnur málbein* og *K-pals* verður áfram. Áhersla á umhverfismennt, hreyfingu og heilbrigði heldur áfram og innleiðingu vináttuverkefnis Barnaheilla þar sem einnig er byrjað að vinna með yngstu nemendum. Verkefnið fellur vel að einkunnarorðum skólans: jákvæð samskipti, jafnrétti og vinátta.

Útskrift elstu barna leikskólans fór fram í byrjun júní í Öldutúnsskóla, þar sem hún var haldin í sjötta sinn.

Kynningarfundir og námsefniskynningar fóru fram að hausti með hefðbundnu sniði þar sem foreldrar komu í skólann og fengu kynningu á starfi deildanna. Deildarstjórar sáu um að taka saman og útbúa kynningu á námsefni og skólastarfinu almennt fyrir sína deild. Foreldrar og forráðamenn sýna góð viðbrögð við kynningunum og við vonum að kynningarnar nýtist fjölskyldum barnanna vel. Mæting foreldra á þessa fundi hefur verið góð.

Kynningafundur fyrir nýja foreldra 2023 verður 24. ágúst við upphaf skóladags eða kl. 8:10. Í okkar huga er mikilvægt er að foreldrar séu meðvitaðir um skólastarfið og það námsefni sem við styðjumst við í starfinu með börnum þeirra um leið og þeir upplifa þá þróun sem á sér stað með auknum aldri barna þeirra.

Opið hús á Degi leikskólans í ár gekk vel og sýning á verkum barnanna var inni á deildum 6. febrúar. Hefðbundnar heimsóknir voru í Öldutúnsskóla og fyrstu bekkingar komu í heimsóknir til okkar á haustönn. Heimsókn okkar í Sívertsen hús á aðventunni féllu niður fyrir yngri hópa en elstu börnin fóru í sína hefðbundnu aðventuferð.

Viðburðir á vorönn 2023 voru með hefðbundnu sniði og tókust vel. Sumarhátíð foreldrafélagsins fór fram í maí 2023 með foreldrum. Þrír veglegir hoppkastalar, einn í garði skólans og tveir á túninu framan við skólann allan daginn í boði foreldrafélags leikskólans. Foreldrar komu og tóku þátt í gleðinni. Fyrst sungu börnin í garðinum og gleðinni lauk með leiksýningu Leikhópsins Lottu.

Sumarferð leikskólans var á Víðistaðatúni og tókst með miklum ágætum, líklegt er að þessu verði haldið með sama sniði næsta ár.

Skógarferð miðhópa í Skógrækt Hafnarfjarðar var með hefðbundnu sniði nú í maí þar sem þau fóru í skógræktina og gróðursettu tré.

Ferð í Árbæjarsafn með miðhópa var farin í þriðja sinn nú í maí og tókst aftur með ágætum. Hópstjórar miðhópa leggja til að þetta verði fastur liður í leikskólastarfinu.

Útskriftarferð elstu hópanna var farin að Hvaleyrarvatni í ljómandi veðri þrátt fyrir útgefna „gula viðvörun“. Börnin nutu dagsins og enn og aftur nutum við þess að hafa aðgang að skátaskálanum. Komnar eru fastar hefðir á skipulag dagsins og starfsfólk hér gengur af röggsemi og gleði til þeirra verka sem tilheyra þessari ferð það er úrræðagott og lausnamiðað. Til baka komu kát og glöð börn, þreytt eftir útveru, þrautir og kennslu heilan dag úti í náttúrunni og mjög sátt.

Starfsáætlun þessi fyrir skólaárið 2023-2024 verður kynnt deildarstjórum á deildarstjórafundi 8. júní þar sem farið er yfir breytingar í stjórnendateymi leikskólans og starf skólans á næsta ári. Starfsáætlunin birtist á heimasíðu skólans í ágúst þegar skólastarf hefst að loknu sumarorlofi.

Á foreldrafundi haustsins og á fyrsta starfsmannafundi leikskólans Hvamms í ágúst verður ítrekað við foreldra og starfsfólk að kynna sér starfsáætlun skólans á heimasíðunni.

2. Mat á leikskólastarfi og umbótaáætlun

2. Matsáætlun

- Hvaða þætti leikskólastarfsins er áætlað að meta?
- Hvenær/ hve oft verður metið (skipulag matsins)?
- Hvaða matsaðferðir / matsgögn er áætlað að nýta?
- Hverjir munu taka þátt í matinu?

Aðalnámskrá og Skólanámskrá leikskólans Hvamms leggur grunn að starfsskyldum í leikskólanum. Skilgreint og skipulagt mat fyrir skólaárið sem er að líða er framkvæmt og gerð er matsáætlun að vori fyrir komandi skólaár. Allir sem koma að skólastarfinu, starfsmenn, foreldrar og börn taka þátt í mati á skólastarfinu. Helstu mælikvarðar eru viðhorfskannanir foreldra og starfsmanna, vefmælingar og tölulegar mælingar, markmið í skólanámskrá og starfsmanna- og foreldrasamtöl.

Áætlað er að innra mat nái til allra þátta skólastarfsins, svo sem stjórnunar-, starfs- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda.

Allir hagsmunahópar koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats. Þeir mynda matsteymi sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra sem sitja í foreldraráði skólans. Innra mat fer fram á reglulegum stjórnendafundum, starfsmannafundum, á deildafundum og samráðsfundum deildarstjóra og hópstjóra sama aldurs. Innra mat fer einnig fram í daglegum samskiptum starfsmanna, foreldra og barna. Hópstjórar framkvæma viðhorfskannanir með elstu börnum í skólastarfinu og eftir viðfangsefnum yfir skólaárið.

Farið er í formlegt innra mat reglulega á fundum starfsmanna deilda þar sem notuð eru matsblöð fyrir ákveðna þætti skólastarfsins. Það sem hefur verið metið eru einstakir valfundir, fagnaðarfundir, hópatímar, matartímar og samverustundir reglulega yfir veturinn á þar til gerðum matsblöðum. Farið er yfir hópastarf og rætt og metið mánaðarlega þar sem hópastarfið er skoðað formlega með tilliti til uppeldissviða og hvaða áherslur eru ríkjandi í hverjum hóp allra deilda leikskólans.

Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna er gerð áætlun um umbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Í árlegri starfsáætlun skólans koma fram upplýsingar um niðurstöður úr innra mati og áætlanir um umbætur.

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í sér að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Hér í leikskólanum Hvammi eru viðhafðar fjölbreyttar aðferðir við að safna, skrá, skipuleggja og greina upplýsingar um þroska, nám, líðan og færni barna þar sem sjónum er beint að áhuga, getu og hæfni hvers einstaklings til að efla hvert barn. Sem dæmi má nefna myndræna skráningu á skólastarfinu og skráningu á vali barnanna. Foreldrar eru hvattir til að fara með börn sín í tveggja og hálf og fjögurra ára skoðanir á heilsugæslu en heilsugæslan leggur fyrir 2,6 ára og 4,0 ára börn BRIGANCE og PEDS, skimunarlista sem meta

málþroska. Við tveggja og þriggja ára aldur sendum við heim spurningalistann ORÐASKIL sem foreldrar svara. Unnið er úr niðurstöðum hér í leikskólanum, ORÐASKIL mælir orðaforða barna og er notað sem skimunarpróf fyrir frávikum fyrir málþroska röskun. Öll elstu börn leikskólans eru skimuð með HLJÓM-2 sem mælir hljóðkerfis- og málvitund þeirra og hefur forspárgildi fyrir lestrarnám. Þegar niðurstöður liggja fyrir er farið í að styrkja sérstaklega þau börn sem þess þurfa. Unnið er eftir aðferðum snemmtækrar íhlutunar í leikskólanum og sérhæfð matstæki notuð ef grunur er um málþroska- eða þroska frávík. Má þar nefna ýmsa gátlista, Smábarnalistann, Íslenska þroskalistann og TRAS-skráningar sem eru framkvæmdar í samræmi við verklag og viðmið upp allan leikskólann til að halda utan um árangur og þörf fyrir frekari íhlutun. Um er að ræða ferli sem er samþætting í starfi leikskólans og felur í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi og þroska og velferð barna.

2.1 Innra mat leikskólans

Til að tryggja faglega þróun er mikilvægt að meta reglulega starf leikskólans. Innra mat byggir á þátttöku og samvinnu kennara og starfsfólks, foreldra og barna. Í Aðalnámskrá leikskóla (2011 bls.27, 54 og 55) er kveðið á um að við innra mat skuli gera grein fyrir tengslum við þau markmið sem sett eru fram í skólanámskrá og að aðferðirnar taki mið af viðfangsefnunum sem unnið er að hverju sinni. Mikilvægt er að innra mat sé samþætt daglegu starfi og að það nái til allra þátta skólastarfsins, svo sem stjórnunar, starf- og kennsluhátta og samskipta innan og utan deilda.

Allir sem koma að leikskólastarfinu í Hvammi, starfsmenn, foreldrar og börn taka þátt í mati á skólastarfinu. Helstu mælikvarðar eru viðhorfskannanir foreldra og starfsfólks, vefmælingar og tölulegar mælingar, markmið í skólanámskrá og starfsmanna- og foreldrasamtöl. Hafnarfjarðarbær sendir út viðhorfskönnun til starfsmanna árlega og foreldra annað hvert ár. Hópstjórar framkvæma óformlegar viðhorfskannanir með elstu börnunum í skólastarfinu og skrá eftir viðfangsefnum yfir skólaárið.

Greina þarf styrkleika og tækifæri til umbóta fyrir innra matið í heild sinni. Unnið er úr spurningalistum og matslistum sem lagðir eru fyrir börn, foreldra og starfsmenn skólans. Skilgreint og skipulagt mat fyrir skólaárið sem er að líða er framkvæmt og gerð matsáætlun fyrir næsta skólaár að vori.

Allir hagsmunahópar koma að því að ákveða áherslur og skipulag innra mats. Þeir mynda matsteymi sem í sitja fulltrúar stjórnenda, starfsfólks og foreldra sem sitja í foreldraráði leikskólans.

Matsteymið skilgreinir og skipuleggur matsáætlun fyrir hvert skólaár þar sem metið er hvernig gengur að ná markmiðum skólans út frá tilgreindum viðmiðum í Skólanámskrá og Aðalnámskrá. Formlegt innra mat er framkvæmt mánaðarlega á fundi deilda yfir allt skólaárið og sjá deildastjórar um framkvæmdina. Notuð eru matsblöð fyrir ákveðna þætti skólastarfsins. Farið er yfir hópastarf og það rætt og metið mánaðarlega þar sem hópastarfið er skoðað formlega með tilliti til uppeldissviða og hvaða áherslur eru ríkjandi í hverjum hóp allra deildir leikskólans.

Innra mat fer einnig fram í daglegum samskiptum starfsmanna, foreldra og barna. Á reglulegum stjórnendafundum, starfsmannafundum, deildafundum, samráðsfundum deildastjóra og samráðsfundum hópstjóra sama aldurs.

Innra mat veitir upplýsingar um styrkleika í starfi leikskólans og það sem betur má fara. Í ljósi niðurstaðna er gerð áætlun um úrbætur og skilgreindar leiðir að þeim. Í árlegri starfsáætlun skólans koma fram upplýsingar um niðurstöður úr innra mati og áætlanir um úrbætur.

Mat á námi, þroska og velferð barna felur í að safnað er upplýsingum um það sem börn fást við og hafa áhuga á; hvað þau vita, geta og skilja. Upplýsingarnar eru notaðar til að styðja nám og velferð barna við skipulagningu leikskólastarfsins og í samstarfi við foreldra. Um er að ræða ferli sem á að vera samþætt starfi leikskólans og fela í sér skipulagningu, skráningu, mat og ígrundun á námi, þroska og velferð barna (Aðalnámskrá leikskóla 2011, bls.46)

- Hvaða þættir leikskólastarfsins voru metnir? (ath. að það þarf að meta allt starf leikskólans á 5 ára fresti).

Mælt er með að greint sé frá hverjum matsþætti fyrir sig t.d. með eftirfarandi hætti:

- Hvað var metið t.d. hópastarf, samverustundir, matmálistímar, útivera, o.s.frv.
- Hvenær/hve oft?
- Hvernig var það metið – hvaða matsgögn voru notuð?
- Hverjir tóku þátt í matinu?
- Hverjar voru helstu niðurstöður matsins?
- Umbætur út frá niðurstöðum matsins.

Á reglulegum fundum deilda og vikulegum samráðsteymisfundum deildarstjóra sama aldurs svo og vikulegum deildarstjórafundum fóru fram umræður þar sem innra starfið var ígrundað og metið. Á reglulegum stjórnendafundum fer mikill tími í að meta gæði náms leikskólans með tilliti til læsis og snemmtækrar íhlutunar auk þess sem daglegt starf leikskólans var stöðugt endurskoðað og metið. Þetta er gert í þeim tilgangi að starfsfólk skoði, ígrundi og leiti sameiginlegra lausna ef upp koma álitamál, lausna sem skila bestri niðurstöðu í leikskólastarfinu. Stjórnendateymi leikskólans var sérstaklega virkt í mati skólastarfsins.

Helstu niðurstöður matsins er að við stöndum okkur vel en stöðugt þarf að vera vakandi og gera úrbætur strax og upp koma hnökrar og leiðbeina starfsfólki. Stöðug endurskoðun þarf að vera á daglegu starfi leikskólans.

Farið var í formlegt innra mat á reglulegum fundum deilda þar sem notuð eru matsblöð fyrir ákveðna þætti skólastarfsins. Valfundir, fagnaðarfundir, hópátímar, matartímar og samverustundir voru metnar. Farið er yfir hópastarf mánaðarlega og rætt og metið þar sem hópastarfið er skoðað formlega með tilliti til uppeldissviða og hvaða áherslur eru ríkjandi í hverjum hóp allra deilda leikskólans.

Farið var yfir uppeldissvið og áherslur í hópastarfi, frjálsum leik og samverustund, einnig voru matartímar metnir. Verið er að vinna samkvæmt skólanámskrá og gengur starfið vel. Áhersla er lögð á leikinn á öllum deildum. Mikil áhersla er lögð á læsi og samskipti og gengur vel að virkja öll börnin til þátttöku en það er gert á mismunandi hátt eftir aldri. Tillaga kom frá fyrra ári um að leggja meiri áherslu á að börnin tjái sig meira á formlegan hátt eins og að standa upp og segja frá og heimsækja bókasafnið oft. Heilbrigði og velferð tengist hreyfingu og umhverfismennt sem mikil áhersla er lögð á í starfi leikskólans og einnig á sjálfbærni og vísindi. Sköpun fer fram á fjölbreyttan hátt og er stór hluti af leikskólastarfinu og tengist gjarnan menningunni, til dæmis er farið í heimsóknir á söfn, Þjóðminjasafnið, Þjóðleikhúsið, Hörpu og Sinfóníu Íslands. Umhverfismennt tengist einnig sköpun, við nýtum verðlausan efnivið eins og hægt er við mynd- og listsköpun. Lýðræði og mannréttindi, tengjast áherslum skólans í að ýta undir lýðræðislegar samræður, vináttu og jákvæð samskipti.

Jafnt og þétt er verið að skoða með matstækjum þroska, áhugasvið, færni og stöðu barnanna. Fyrir foreldrasamtöl sem eru tvisvar á ári eru fylltir út TRAS listar fyrir yngri börnin og fyrir elstu börnin

HLJÓM-2, niðurstöður eru ræddar og metnar með foreldrum í foreldrasamtölunum og unnið með niðurstöður eftir þörfum hvers og eins.

Samstarf okkar viði BRÚarteymið, Barn – Ráðgjöf – Úrræði hélt áfram. Hlutverk teymisins er að kortleggja og leita sameiginlegra lausna og styðja við börn og fjölskyldur þeirra. Í lausnateyminu er nám, hegðun, þroski og líðan barns rædd og viðunandi úrræði virkjuð til að bregðast við aðstæðum með samþykki foreldra. Í lausnateymi sitja skólastjóri, aðstoðarskólastjóri og sérkennslustjóri. Deildarstjórar sitja fundi sem viðkemur þeirra deild. Í teyminu hér í leikskólanum sátu tveir sérfræðingar frá BRÚarteyminu. Verklagið er þannig að leikskólakennari skilar inn beiðni um ráðgjöf lausnateymis á þar til gerðu eyðublaði til sérkennslustjóra sem sér um að málið fari fyrir næsta fund. Lausnateymi starfar í leikskólanum sem einnig fundar einu sinni í mánuði og oftar ef þörf er á. Lausnateymi leikskólans samanstendur af leikskólastjóra, aðstoðarleikskólastjóra og sérkennslustjóra. Þar er staða mála kortlögð og ákvarðanir teknar um áframhaldandi vinnu með einstök mál, einhver mál fara í vinnslu innan skólans en öðrum er vísað í BRÚarteymið. Allar úrlausnir eru unnar í samráði við foreldra. Telji lausnateymið að ekki hafi orðið bót á vandanum eftir 8-12 vikur er málinu vísað til Fjölskylduþjónustu og/eða Skrifstofu fræðslu- og frístundarþjónustu Hafnarfjarðar. Mikil ánægja var með þetta samstarf innan leikskólans

Innleiðing á vináttuverkefni Barnaheilla fór af stað fyrir fimm árum. Innleiðingarferli er lokið og starfsfólk er áhugasamt að temja sér verklag og námsgögn sem fylgja verkefninu. Deildarstjórar leiddu innleiðingu verkefnisins á sinni deild. Allir deildarstjórar mið- og stóru hópa fóru á námskeið ásamt nokkrum öðrum hópstjórum þegar námsefnið kom fyrst út og deildarstjórar yngstu deilda fóru á námskeið þegar námsefni fyrir yngstu börnin kom út.

Formleg starfsmannaviðtöl voru við stjórnendateymið í mars auk reglulegra örsamtala.

Umbótaáætlun: Mikilvægt er eins og áður að ráðningu nýrra starfsmanna í lausar stöður innan leikskólans sé lokið áður en nýnemar byrja að hausti. Þannig er komið í veg fyrir of mikið álag á starfsfólk og þannig gefst tími til að taka vel á móti nýjum starfsmönnum og skólaárið fari vel af stað.

Æskilegt er að nýtt starfsfólk geti fylgt kennara fyrstu dagana í starfi. Þetta reynist oft þrautin þyngrri þar sem ekki er möguleiki á að ráða inn nýtt starfsfólk fyrr en sá sem á að ráða fyrir hefur hætt störfum. Þetta þarf nú enn frekar að skoða í ljósi fleiri tíma kennara til undirbúningsvinnu, sem sannarlega nýttast í sí- og endurmenntun en þeir starfsmenn sem hafa einn til fjóra tíma til undirbúnings þarf að leysa með öðrum hætti. Huga þarf vel að hvernig við ætlum að koma því við að stytta vinnutíma starfsmanna í skólanum um fjóra tíma eins og tíðkast á öðrum starfsstöðvum hjá bæjarfélaginu. Einnig þarf að skoða þá staðreynd að miklar mannabreytingar eru oft í leikskólanum og við vinnum með börn sem betra væri að fengju tíma til að kynnast nýjum starfsmanni með þeim sem er að hætta þar sem við búum ekki svo vel að geta ráðið inn fagfólk í þær stöður sem losna. Einnig þarf að athuga hvort unnt er að tryggja aukningu á afleysingastöðum þannig að starfsfólk sjái sér fært að sækja námskeið og afla sér símenntunar á dagvinnutíma.

Deildarstjórar halda áfram að skipuleggja undirbúningstíma og styttingu vinnutíma Hlífar starfsmanna á sinni deild en verkefnið „Betri vinnutími fyrir kennara“ hefur gengið vel. Lagt er upp með að hópstjórar sama aldurs séu á sama tíma í undirbúningi í þeim tilgangi að skapa tækifæri til samráðs, stuðnings og að miðla þekkingu sín á milli. Mikilvægt er að skrá niður í fundargerð ákvarðanir sem teknar eru sameiginlega á þessum fundum þannig að hægt sé að skoða hvenær ákvörðun var tekin og hverjir sátu fundinn.

Deildarstjórar skipuleggja einnig undirbúningstíma. Lagt er til að deildarstjórar útbúi skýra verkferla fyrir starfsfólk sem vinnur til 16:30 í þeim tilgangi að skilaboð vegna atvika sem eiga sér stað í skólalastarfinu berist örugglega til skilastöðu skólans.

2.2 Húsnæði og lóð

Til stóð að endurnýja leiktæki og fara yfir lóð leikskólans sumarið 2022 en ekkert varð af því. Óskað var eftir leiktækjum með náttúrulegu útliti sem valin voru úr bækling sem garðyrkjustjóri kom með frá fyrirtækinu Robinha hringróllur no 8136 og leiktæki á ungbarnasvæðið. Plastrennibraut var afþökkuð vegna hættu á að upp úr henni brotnaði og leiddi til slyshættu. Kastali sem valinn var úr lista fékkst ekki samþykktur á þessu ári þar sem hann taldist of dýr en gefið til kynna að hægt verði að kaupa hann á næsta ári.

Í bréfi frá Ingibjörgu garðyrkjustjóra kom fram að farið verður í gagngerar lagfæringar á lóðinni með lagfæringu á brekku við leiktækjaskúr og hleðslur sem eru að hruni komnar.

Óskað var eftir að fá garðinn teiknaðan upp svo fyrir liggja hvernig endanleg útgáfa hans á að vera. Þannig er hægt að skipuleggja umbætur og lagfæringar sem virðast verða yfir einhvern tíma séu fyrirséðar og ljóst hvað er búið og hvað á eftir að gera. Samhliða er mikilvægt að skoða með ábyrgum hætti að yfirfara og stækka ungbarnagarðinn.

EKKERT HEFUR GENGID Í AÐ FÁ GARÐINN ENDURNÝJADAN ÞRÁTT FYRIR FUND MEÐ INGIBJÖRGU OG BERGLINDI SEM FÉKK ÞAÐ HLUTVERK AÐ TEIKNA UPP GARÐINN!

Heilbrigðiseftirlit og Slökkvilið gerði enn og aftur nokkrar athugasemdir við húsnæði leikskólans í reglulegu eftirliti og brugðist hefur verið við með úrbótum hjá fasteignafélagi Hafnarfjarðar. Lóðin var síðast tekin út af BSÍ í maí 2020 og frekari upplýsingar liggja fyrir hjá Ísmael Karli Aguilar, Fasteignafélagi Hafnarfjarðarbæjar, afrit var sent til leikskólustjóra.

2019 og öll sumur síðan átti að mála leikskólann og lausu kennslustofurnar að utan, beðið hefur verið með þessa vinnu en nú er gert ráð fyrir að þessu verki ljúki í sumar 2022. Búið er að mála lausu kennslustofurnar sem nú eru glansandi fínar. **AÐALBYGGING SKÓLANS BÍÐUR ENN EFTIR MÁLNINGU!**

2.3 Ytra mat

Skólapúlsinn sendi út starfamannakönnun in mars 2023.

Svarhlutfall var 72%.

Könnunin kom ágætlega út

Matsþættir voru:

- Trú á eigin getu. Niðurstaða 5,2 landið 5,0 mismunur 0,2.
- Trú á eigin getu við daglegt skipulag. Niðurstaða 4,7 landið 4,5 mismunur 0,2
- Samstarf í leikskólanum. Niðurstaða 5,5 landið 5,1 mismunur 0,4
- Virkar samræður um starfið. Niðurstaða 5,1 landið 5,0 mismunur 0,1
- Virkni foreldra í leikskólalastarfinu. Niðurstaða 5,2 landið 5,6 mismunur -0,4
- Aðgengi að ráðgjöf sérfræðinga utan skólans. Niðurstaða 83,3% landið 66,8% mismunur 16,5%
- Ánægja með stuðning í leikskólanum við börn með sérþarfir. Niðurstaða 80% landið 75,8% mismunur 4,2%

- Upplýsingar og stuðningur vegna barna með sérþarfir. Niðurstaða 66,7% landið 69,6% mismunur -2,9%
- Hlutfall starfsmanna sem fær undirbúningstíma. Niðurstaða 95,7% landið 81,5% mismunur 14,2%
- Hlutfall starfsmanna sem fær nægan undirbúningstíma. Niðurstaða 77,3% landið 71% mismunur 6,3%
- Þátttaka í þróunarstarfi. Niðurstaða 20% landið 38,1% mismunur -18,1%
- Símenntunarþörf starfsfólks. Niðurstaða 4,2 landið 4,2 mismunur 0
- Hlutfall starfsfólks sem hefði viljað meiri símenntun undanfarið ár. Niðurstaða 75% landið 54,7% mismunur 20,3%
- Hindranir í símenntun starfsfólks. Niðurstaða 31,2% landið 50,3% mismunur -19,1%

Farið verður yfir niðurstöður könnunarinnar á starfsmannafundi í haust og lagðar fram tillögur að úrbótum.

2.3. Umbótaáætlun samkvæmt niðurstöðum innra- og ytra mats

Mikilvægt er að ljúka við málningu utanhúss. Ástand garðsins er löngu orðið óviðunandi! Mikilvægt er að fara í að vinna skipulag - viðhald leiksvæðis leikskólans.

3. Áherslur í starfi leikskólans

3.1 Áherslur leikskólans næsta starfsár

Áherslur leikskólans næsta starfsár, aðrar en þær sem koma fram í umbótaáætlun.

- Verkefni.
- Markmið verkefnisins.
- Leiðir að markmiði.
- Hver er ábyrgur?
- Hvernig og hvenær verður markmið metið?
- Næsta verkefni, leiðir, mat o.s. frv.

Helstu verkefni skólastarfsins er áframhaldandi vinna þar sem lögð er áhersla á málörvun og læsi. Unnið er áfram með námsefnin *Tölum saman, Lubbi og K-pals*. Markvisst verður haldið áfram að vinna með umhverfismennt, hreyfingu og heilbrigði. Grænfánaáherslur og nýjar flokkunarreglur verða lagaðar að daglegu starfi og leik. Vináttuverkefni Barnaheilla heldur áfram þar sem það fellur vel að einkunnarorðum skólans sem eru jákvæð samskipti, jafnrétti og vinátta.

Á skipulagsdegi í haust verður farið yfir starfsáætlun sem hér liggur fyrir og áherslur í skólastarfi leikskólans kynntar í upphafi skólaárs. Á deildarfundum er farið yfir skólanámskrá og starfsmannahandbók og nýju starfsfólki leiðbeint með verklag og námsefni viðkomandi aldurshóps. Skipulagsdagur í upphafi skólaárs verður nýttur í að undirbúa deildarnar fyrir komu barnanna og skipuleggja starfið áður en þau mæta í leikskólann. Mikið er lagt upp úr samvinnu og heildarmynd leikskólans, að leikskólinn Hvammur sé einn skóli en ekki 6 stakar einingar.

Deildarstjórar og hópstjórar hafa fasta samráðstíma, þannig hittast reglulega kennarar sömu aldurshópa, Álfa- og Tröllaborg saman, Sól- og Skýjaborg saman og Vita- og Hamarsborg saman. Þessir tímar eru notaðir í samráð og samvinnu milli deilda og til að skipuleggja starfið. Á síðasta ári var samráð milli 3 deilda þar sem hluti miðhóps leikskólans fór út í lausu kennslustofurnar (BORGIR).

Verkefnið *Skóli á grænni grein* fór af stað hér í leikskólanum við upphaf skólaárs 2010-2011. Skólinn fékk fyrst Grænfána á 25 ára afmæli skólans 4. maí 2013. Reglulegir fundir hafa verið í umhverfisráði alla tíð síðan, þar sem börn og kennarar mið- og stóru hópa skólans sitja, fundað hefur verið á föstudögum í tengslum við fagnaðarfundi annan hvern mánuð. Vel hefur gengið að innleiða í skólastarfið umhverfismarkmið. Leikskólinn fékk sinn þriðja Grænfána á afmæli skólans 4. maí 2019. Í Covid var ekki hægt að funda eins oft og við hefðum viljað en það vel gekk að viðhalda grænfána stefnunni innan skólans þó minna hafi verið um fundi en til stóð.

Leikskólinn Hvammur hefur verið forystuskóli í markvissri málörvun með áherslu á tvítyngi frá haustinu 2006 þegar skólinn tók þátt í skólaþróunarverkefni sem kallaðist Forystuskólaverkefni. Formlega lauk innleiðingu verkefnisins 2011 en þá hafði það fest sig í menningu skólans. Tilgangur verkefnisins er að efla tilfinningalegan, vitrænan og málfarslegan þroska barna og hvetja til jákvæðra samskipta og bæta verklag og skráningu.

Námsefni fyrir eldri börnin er unnið upp úr vinnubókinni *Tölum saman* sem er málörvunarkerfi fyrir börn með málþroskaraskanir og tvítyngi sem gefið var út 2005 af Ásthildi Bj. Snorradóttur og Bjarteyju Sigurðardóttur. Námsefnið hefur verið notað markvisst hér við skólann frá árinu 2006 við upphaf forystuskólaverkefnisins og er nýtt fyrir mið- og stóru hópana. Námsefnið er kennt jöfnum höndum inni og úti.

Lubbi finnur málbein er íslenskt málörvunarefni sem notað er í öllum hópum leikskólans frá grunnhóp og upp í stóra hóp. *Lubbi finnur málbein* gengur útá að finna hljóð bókstafa. Höfundar verkefnisins eru Eyrún Ísfold Gísladóttir og Þóra Másdóttir.

K-Pals er unnið með elstu hópum leikskólans, þar eru pör að vinna saman. Kennt er í tvisvar sinnum sjö vikna lotum tuttugu mínútur í senn, þrjá daga í viku. *Leikur að læra* er námsefni þróað á Íslandi þar sem unnið er með alla þætti námsefnis leikskólans í gegnum hreyfingu. Einnig er unnið með stærðfræði og námsefni tengd henni.

Unnið er áfram með Vináttuverkefni Barnaheilla þar sem bangsinn Blær leikur stórt hlutverk. Allir deildarstjórar og nokkrir hópstjórar mið og stóru hópa hafa nú þegar farið á námskeið og til stendur að fleiri fari í haust.

Skóli er samfélag og þar spila foreldrar og aðrir skólar stóran þátt og þar höfum við Öldutúnsskóla sem góðan samstarfsaðila. Útskrift elstu barna leikskólans fór í sjötta sinn fram í góðri aðstöðu í sal Öldutúnsskóla og heppnaðist mjög vel og er sú hefð komin til að vera.

Sú nýbreytni er að festa sig í sessi að í byrjun skólaárs eru kynningarfundir fyrir foreldra inn á deildum. Fundirnir eru haldnir kl. 8:10 að morgni fyrir hvern aldurshóp og deildarstjórar sjá um að kynna námsefni og skólastarfið á deildinni. Mæting hefur verið afar góð.

Tvö undanfarin ár hafa foreldrasamtöl farið fram í Hvammi á skipulagsdögum á haust og vorönn en á þessu skólaári nýttu hópstjórar undirbúningtíma sinn í viðtölin sem fóru fram annað hvort á Teams eða í raunheimum þar sem fundaraðstaðan er fyrir hendi.

Áætlun um móttöku nýnema og verkferlar fyrir snemmtæka íhlutun yngstu barna leikskólans hefur verið endurbætt og verður áfram til skoðunar. Áætlun um móttöku nýrra starfsmanna er komin á heimasíðu og unnið verður áfram að uppfærslu á starfsmannahandbók.

Áfram verður lögð áhersla á starfsmannahópinn næsta starfsár og það góða faglega starf sem er til staðar í leikskólanum Hvammi. Við viljum leggja áherslu á jákvætt og styðjandi andrúmsloft á vinnustaðnum og þar kemur hópefli að góðum notum.

Öll þessi verkefni eru rædd á reglulegum samráðsfundum hópstjóra einu sinni í viku.

4. Starfsmannamál

4.1. Starfsmannahópurinn 1. maí

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Kennarar	13	11,88	Leikskólakennarar
Þroskaþjálfar	0		Þroskaþjálfari
Önnur háskólamenntun	12	11,387	Ýmis
Leiðbeinendur	12	10,19	Ýmis
Matreiðslumann	1	1	Hagfræðingur
Aðstoð í eldhúsi	2	1,25	Ýmis
Langvarandi veikindi	1	1	ýmis
Fæðingarorlof	2	2	ýmis

4.2 Starfsþróunarsamtöl

Starfsþróunarsamtöl voru við deildarstjóra, fóru fram í mars.

Starfsþróunarsamtöl fóru fram í mars 2023. Deildarstjórar taka viðtöl við sína undirmenn og leikskólastjóri tók síðan viðtöl við deildarstjóra.

4.3 Símenntun frá síðasta ári

Símenntun frá síðasta ári. Stærsti hluti starfsmanna leikskólans eða 29 fór í námsferð til Finnlands í maí 2022 og heppnaðist hún í alla staði vel. Starfsfólk skólans fór í námsferð til Helsinki í Finnlandi 25.-29 maí 2022. Fór hópurinn að skoða leikskóla og sat einnig fyrirlestur í norræna bókasafninu og hlustuðu á fyrirlestra og tóku þátt í skemmtilegu námskeiði. Við fengum einnig kynningu á norræna bókagleypinum bokslukaren.org. Ferðin var einnig nýtt til að halda árshátíð leikskólans. Þeir starfsmenn sem ekki áttu heiman gengt fóru í heimsóknir í leikskólana Smáralund og Norðurberg þar fengu þau áhugaverða kynningu á starfi skólanna. Einnig fóru þau út að borða í boði Hafnarfjarðarbæjar í einskona-árshátíð. Mikil gleði ríkti meðal starfsmanna með þessa skipulagsdaga sem voru vel nýttir til náms og eflingar á samvinnu.

Mikilvægi símenntunar í skólastarfi ætti að vera öllum ljós í samfélagi sem er í stöðugri þróun, þar sem við erum að mennta börn fyrir framtíðina. Í vetur voru fimm starfsmenn skólans í fjarnámi með staðbundnum lotum, bæði í grunnnámi og til að afla sér leyfisbréfs leikskólakennara. Mikill fengur er í samningum sem bærinn býður starfsfólki leikskólanna.

Mikill áhugi hjá starfsmönnum á sí- og endurmenntun og vilji til að nýta námsstyrki sína til að styrkja sig í starfi.

Tveir starfsmenn úr sérkennslu fóru á námskeið til að fá réttindi til að vinna með Íslenska smábarnalistann.

Einn starfsmaður frá okkur fór á námskeið á vegum skólaskrifstofu um móttöku erlendra barna á leikskólum.

4.4 Áætlun um símenntun í leikskólanum

- Símenntunaráætlun leikskólans er óljós en við grípum þau tækifæri sem gefast til sí og endurmenntunar yfir veturinn.
- Önnur fræðsla liggur ekki fyrir.

5. Aðrar upplýsingar

5.1 Barnahópurinn 1. maí

- Fjöldi barna í leikskólanum. 126
- Kynjahlutfall. 66 drengir/60 stúlkur
- Dvalarstundir. 1517,38
- Deildargildi. 7,9
- Þrjú börn nutu sérkennslu skv. greiningarviðmiðum sérkennslu í 1. og 2. flokki.
- Þrjátíu og þrjú börn nutu sérkennslu með önnur þroskafrávik (málþroskafrávik, hegðunarfrávik, þroskafrávik, annað).
- Fjöldi barna með ofnæmi 11
- Fjöldi barna með fæðuóþol 9
- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku. 21
- Fjöldi tungumála. 11
- Þjóðerni forsjáraðila. Litáenskir 2, þýskir 1, enskir 6, danskir 2, franskir 1, taílenskir 1, víetnamskir 2, norskir 3, spænskir 1, arabískir 1, kínverskir 1.

5.2. Foreldrasamvinna

- Foreldraráð. Fundur foreldrafélagsins var haldinn 13. September 2022 þar sem kosið var í stöður formanns, ritara og gjaldkera.
- Foreldrasamtöl, einu sinni á önn eða tvisvar á ári, að hausti og vori. Foreldraviðtöl fyrir yngstu nema leikskólans eru þó haldin að hausti þegar nýir nemendur hefja nám við skólann. Þetta skólaár fengu foreldrar að velja hvort þeir vildu foreldrafund á Teams eða koma í leikskólann á fund. Fleiri foreldrar nýttu sér Teams fund og er það fyrirkomulag komið til að vera ásamt að koma í skólann á fund.
- Foreldrafélagið starfaði í náinni samvinnu við stjórnendur skólans allt skólaárið.

5.3 Samstarf leik- og grunnskóla

- Áætlun vetrarins. Fyrstu bekkinnar Öldutúnsskóla komu í eina heimsókn að hausti. Fjórtíu bekkur kemur að lesa fyrir leikskólabörnin á Degi íslenskrar tungu í nóvember. Elstu börn leikskólans fara í tvær til þrjár heimsóknir í Öldutúnsskóla á vorönn, í mars, apríl eða maí.

- Samstarfsverkefni ef einhver eru. Skilafundir eru milli leik- og grunnskóla að vori og aftur að hausti þegar börnin hafa aðlagast að grunnskólanum, sé þess óskað.
- Nýjungar ef einhverjar eru. Stefnt er á að útskriftarathöfn elstu barna Hvamms verði áfram haldin í sal Öldutúnsskóla.

5.4 Almennar upplýsingar

Sameiginlegir skipulagsdagar með grunnskólum eru 13. nóvember 2023, 26. febrúar 2024 og 10. maí 2024. Aðrir skipulagsdagar eru 8. ágúst 2023 (8:00 - 12:00), 3. janúar 2024 og 2. apríl 2024 (8:00 - 12:00).

Sú nýbreytni verður á þessu skólaári að einum skipulagsdegi er skipt upp í tvo hluta þar sem fundað verður á milli 8:00 – 12:00. Skólinn opnar því þá daga kl. 12:00, þessir dagar eru eins og áður segir 8. ágúst 2023 og 2. apríl 2024.

5.5 Áætlanir

Eftirtaldar áætlanir eiga að vera aðgengilegar á heimasíðu leikskólans.

- Viðbragðsáætlun ef upp kemur grunur um:
 - einelti
 - ofbeldi
 - annað
- Viðbragðsáætlun við:
 - slysum
 - áföllum
 - heimsfaraldri
 - annað
- Öryggisáætlanir
 - Rýmingaráætlun
 - Vinnuverndaráætlun
 - Öryggishandbók
 - Móttökuáætlun (barna og starfsmanna)
 - Jafnréttisáætlun skal skila sem viðhengi við áætlunina <http://www.althingi.is/lagas/nuna/2008010.html>

Frá fyrra ári

Viðbragðsáætlun við:

- slysum
- áföllum
- annað

Fylgirit

- Matsgögn
- Leikskóladagatal er lifandi plagg sem getur tekið breytingum, er opið á heimasíðu leikskólans
- Umsögn foreldraráðs
- Annað

Unnið í júní 2023 af Ástu Maríu Björnsdóttur, skólastjóra og Guðrúnu Eddu Bjarnadóttur, aðstoðarskólastjóra og yfirfarið af deildarstjórum leikskólans.

Hafnarfirði í júní 2023

Skólastjóri

